

Fundargerð 455. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 3. júní 2022 kl. 13:00. Fjarfundur í Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður nefndarinnar, settur skrifstofustjóri landbúnaðarskrifstofu í matvælaráðuneytinu (MAR), Ásgeir Runólfsson, nefndarmaður og sérfræðingur í Fjármálaráðuneytinu, Trausti Hjálmarsson, bóndi og varamaður Gunnars Þorgeirssonar, Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur BÍ og varamaður Unnsteins Snorra Snorrasonar, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður deildar kúabænda innan Bændasamtaka Íslands, og Jón Baldur Lorange, starfsmaður nefndarinnar og sérfræðingur hjá MAR, sem ritaði fundargerð. Fundinn sat einnig Sigurður Eyþórsson, verkefnisstjóri hjá ANR. Arnar Freyr Einarsson, sérfræðingur hjá MAR boðaði forföll.

Þetta var gert:

1. **Ráðstöfun á framlagi til stuðnings nautakjötsframleiðslu árið 2022**, skv. 9. grein nautgripasamnings dags. 19. febrúar 2016 og 24. greinar reglugerðar nr. 1252/2019 um stuðning við nautgriparækt. Erindi frá BÍ framlagi í fjárlögum ársins 2022 verði annars vegar varið til einangrunarstöðvar vegna innflutnings á erfðaeftni holdanautgripa að upphæð 10.000.000 kr. og afgangur til að greiða sláturálag á nautakjöt sem uppfyllir tilgreindar gæðakröfur. *Erindi samþykkt.*
2. **Ráðstöfun fjármuna til framleiðslujafnvægis í nautgriparækt á árinu 2022 skv. 6. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar dags 19. febrúar 2016.** Tillaga liggur ekki fyrir frá Bændasamtökum Íslands og *málinu frestað.*
3. **Kynbótaverkefni í garðyrkju.** Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögu til ráðherra um greiðslu framlaga til þróunarverkefna í garðyrkju að fenginni tillögu Fagráðs í garðyrkju, sbr. 7. gr. samkomulag um breytingar á garðyrkjusamningi dags. 14. maí 2020. Fagráð gerir tillögu um að allt framlagið að þessu sinni fari til stofnræktarverkefnis í kartöflurækt, og hafa Bændasamtökin hafa gert samning við MATÍS um vefjaræktun á fjórum íslenskum yrkjum í þessu sambandi. *Tillagan samþykkt.*
4. **Nýting á ónýttum beingreiðslum í sauðfjárrækt árið 2021.** Á árinu 2021 voru ærgildi samtals 364.961. Virk ærgildi við uppgjör voru 355.465. Óvirk ærgildi voru 9.496. Einingaverð ársins 6.680 kr./ærgildi. Beingreiðslur út á óvirk ærgildi eru samtals kr. 63.431.944,- Bændasamtökin leggja til að ónýttar beingreiðslur ársins 2021 verði greiddar á grunni gæðastýringar ársins 2021 og greiddar sem fyrst til bænda í einni greiðslu. Áhersla lögð á að koma greiðslunni til bænda sem allra fyrst. *Tillagan samþykkt.*
5. Tillaga 12 nautgripabænda um að Framkvæmdanefnd búvörusamninga **endurskoði skiptingu gripagreiðsla milli mjólkurkúa og holdakúa** skv. 5. grein samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Ráðuneytið tók saman tölur um skiptingu og hlutfall við upphaf samninga og *var samþykkt að endurskoða skiptinguna* að höfðu samráði við Nautgripadeild Bændasamtök Íslands. Byggt á samantekt og tillögu Bændasamtaka

Íslands dags. 16. júní 2022, var samþykkt með tölvupósti dags. 21. júní 2022 í framhaldi af 455. fundi, eftirfarandi skipting: *Frá og með 1. júlí 2022 verður skipting þannig að 85% af heildar fjármunum 5. greinar leggist á mjólkurkúr og 15% á holdakúr.* Í þessu sambandi er rétt að komi fram að álagsgreiðslur á gripagreiðslur skv. tillögum spretthóps ráðherra vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi miðuðust við skiptingu á gripagreiðslum eins og hún var fyrir þessa breytingu.

6. Önnur mál.

Umræða um **verðlagsnefnd búvara** og lögð áhersla á að formaður verði skipaður sem fyrst.

Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 14:00.